

UMSÖGN VEGNA EFNISTÖKU I HRÚTAFJARÐARA

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1991 VMST-V/91011



**VEIDIMÁLASTOFNUN**  
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252  
125 Reykjavík.

## UMSÖGN VEGNA EFNISTÖKU Í HRÚTAFJARDARA

### 1. INNGANGUR.

Að beiðni Vegagerðar Ríkisins í Borgarnesi fer hér á eftir umsögn vegna hugsanlegrar efnistöku á áreyrum Hrútafjarðarár. Vegagerðina vantar efni til vegagerðar á Holtavörðuheidi og er efnismagnid sem um ræðir 30 - 50.000 rúmmetrar. Sá staður sem fyrirhugaður er í efnistöku er gamall farvegur Hrútafjarðarár skammt neðan við bæinn Mela, en í þennan farveg rennur áin að hluta í flóðum. Einnig hefur sá möguleiki verið ræddur að eftir að efnistöku er lokið verði áin færð alveg yfir í þennan farveg.

### 2. EFNISTAKA ÚR GAMLA FARVEGINUM.

Gamli farvegurinn liggur að mestu meðfram nýja veginum (Mynd 1). Efnistaka á þessum stað hefur engin áhrif á núverandi farveg og rennsli Hrútafjarðarár, en sú hættu er þó fyrir hendi, er að eftir að efnistöku er lokið leiti áin í mjög auknum mæli í farveginn. Því er skilyrði fyrir efnistöku á þessum stað það að grjótgardur verði byggður á þeim stað þar sem ánni hættir til að leita út í gamla farveginn. Ekki er nægilegt að ýta upp malargarði, þar sem hann myndi ekki standa lengi. Ef þetta er gert þá ætti efnistaka á þessu svæði ekki að hafa nein áhrif á núverandi farveg og rennsli.

Frá fiskifræðilegu sjónarmiði ætti efnistakan ekki að hafa nein áhrif. Nokkur umhverfisröskun er þessu samfara og hugsanlega myndi tjörn myndast á þessum stað vegna lakkunar á landi sem yrði vegna efnistökkunnar.

### 3. FÆRSLA Á FARVEGI.

Ef Hrútafjarðará yrði færð yfir í gamla farveginn, myndi tapast svæði sem er um 1530 m að lengd og að jafnaði 15 - 20 m að breidd eða 23 - 30.000 m<sup>2</sup>. Áin rennur þarna í nokkrum halla og meðalstraum. Botngerð er yfirleitt mül - smágrýti með stærra grjóti í bland. Almennu er um að ræða nokkuð gott uppeldis- og brygningarsvæði fyrir lax, einkum efri hluti svæðisins. Þegar neðar dregur fer áin að renna meira í álum og á það til að renna út úr farveginum í flóðum og hafa

varnargarðar verið byggðir austanvert í ána í því skyni að hemja ána. Einn veiðistaður, Engjabakki er á þessu svæði og hugsanlega stoppar fiskur á fleiri stöðum.

Almennt er ráðlagt gegn hugsanlegri breytingu á farvegi og koma þar til eftirfarandi röksemdir:

1. Nýi farvegurinn yrði eitthvað styttri en sá gamli (ca 100). Þetta hefur því áhrif á bakkalengd viðkomandi landeigenda og getur þannig haft áhrif á arðskrá eigenda.
2. Gott uppeldissvæði og hrygningarsvæði tapast. Annað svæði kemur að vísu í staðinn, en seiði myndu drepast og þar yrði tímabundinn skaði af seiðaframleiðslu. Ekki er tryggt að nýja svæðið yrði jafngott að gæðum.
3. Veiðistaður myndi tapast og yrði þá að útbúa annan í hans stað.
4. Áin myndi renna rétt upp við nýja veginn og er ákveðin hættu á því að vegurinn myndi skemmast í flóðum.

#### 4. ALMENNT

Lagst er gegn hugsanlegri breytingu á farvegi Hrútafjarðarár af framaugreindum orsökum. Hins vegar verður ekki séð að efnistaka í gamla farveginum hafi nein áhrif á núverandi farveg eða rennsli Hrútafjarðarár, en þó verður að tryggja með grjóttgarði að ofanverðu, að áin fari ekki að leita í auknum mæli í gamla farvegin.



Mynd 1:

Svæði sem fyrirhugað er til efnistöku á  
eyrum Hrútafjarðarár.